

Nefndarálit

um frv. til. l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Meginákvæði frumvarpsins snýr að því að fella úr gildi frestun á skattlagningu á söluhagnaði hjá einstaklingum. Auk þess er lagt til að skattlagning söluhagnaðar yfir tilteknum mörkum, 3,2 millj. kr. hjá einstaklingum og 6,4 millj. kr. hjá hjónum, verði 10% en ekki 38% eins og áður. Áfram á að gilda heimild til frestunar á söluhagnaði hjá lögaðilum. Fram hefur komið hjá embætti ríkisskattstjóra að vegna þessarar heimildar í skattalögum sem lögfest var árið 1996 hafi einstaklingar nýtt sér að fresta um 20 milljörðum kr. á árunum 1998 og 1999. Hér er um fámennan hóp að ræða eða 636 einstaklinga. Þar kemur einnig fram að ætla megi að ríki og sveitarfélög hafi tapað í skatttekjum allt að 8,5 milljörðum kr. á þessum tveimur árum vegna þessarar heimildar. Sá fyrirvari er þó gerður að það verði að teljast nokkuð ólíklegt að sala hlutabréfa á þessum árum hefði orðið jafnmikil ef frestunarheimildin hefði ekki verið til staðar. Engu síður er ljóst að ríki og sveitarfélög hafa tapað verulegum skatttekjum vegna þessa lagaákvæðis.

Minni hlutinn gagnrýnir mjög hvernig hér er staðið að málum. Í fyrsta lagi er gagnrýnisvert að skilja eftir óbreytta heimild til frestunar á skattlagningu á söluhagnaði fyrir lögaðila, en vafalaust er ekki um minni fjárhæðir að ræða sem frestað hefur verið að skattleggja hjá lögaðilum en einstaklingum. Í öðru lagi er það afar gagnrýnisvert að ríkisstjórnin skuli lækka skatt á forríkum fjármagnseigendum úr 38% í 10% á sama tíma og hún beitir sér fyrir almennri skattlagningu í landinu sem nemur um 2,5 milljörðum kr. og stefnir með því kjarasamningum í algjört uppnám. Í þriðja lagi hefur svo stjórnarmeirihlutinn við meðferð málsins í nefnd lagt til að fresta gildistöku ákvæðisins um að afnema frestun á skattlagningu hjá einstaklingum um eitt ár.

Skattrannsóknarstjóri segir í umsögn sinni að mismunandi skattlagning eftir uppruna tekna bjóði upp á ýmiss konar undanskot. Orðrétt segir skattrannsóknarstjóri: „Frá árinu 1996 hefur t.d. greinilega orðið vart við aukningu á fjölda einkahlutafélaga og um leið hefur einstaklingum sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur í skattalegum skilningi fækkað. Augljósir hagsmunir eru af því að láta atvinnureksturinn vera skattlagðan í skattprósentu hlutafélaga og leitast er við að ná sem mestum fjármunum út úr félögum í formi arðs sem skattlagður er í 10% skattþrepi. Þá eru það einnig ríkir hagsmunir að skattlagningin fari fram í 10% en ekki hinni reglulegu skattprósentu einstaklinga og af þeim sökum er greinileg tilhneiging að haga löglegum ráðstöfunum þannig að til skattlagningar í 10% skatti komi. Ekki er ósennilegt að ríkissjóður hafi orðið af einhverjum tekjum vegna þess.“

Minni hlutinn gagnrýnir harðlega frestun á gildistökuákvæðinu sem meiri hlutinn leggur til sem enn mun gefa sterkum fjármagnseigendum svigrúm til að sniðganga skatt vegna þessarar heimildar. Um nauðsyn þess að ákvæðið taki til sölu hlutabréfa á árinu 2000 segir ríkisskattstjóri: „Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að breytingin gagnvart frestun á söluhagnaði komi til framkvæmda vegna sölu á hlutabréfum á árinu 2000. Telur ríkisskattstjóri

mikilvægt að svo verði, m.a. til að komist verði hjá ráðstöfunum sem ella er líklegt að gripið verði til í þeim tilgangi einum að nýta frestunheimildina á meðan hún er til staðar. Afnáam heimildar til ívilunar gagnvart áhrifum skattskyldu sem þegar var fyrir hendi við sölu hlutabréfanna verður vart talin afturvirk skattlagning. Í þessu efni er einnig til þess að líta hversu takmarkað almennt gildi ívilunarinnar er, þ.e. til hve fámenns og afmarkaðs hóps hún getur raunverulega tekið, sbr. framangreint.“ Minni hlutinn tekur undir með ríkisskattstjóra um nauðsyn þess að gildistakan verði með þeim hætti að hún nái til söluhagnaðar vegna hlutabréfa á árinu 2000. Jafnframt er því mótmælt að hér sé um afturvirk ákvæði að ræða eins og meiri hlutinn heldur fram. Miklu nær væri að líta svo á að þetta ákvæði hafi verið brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar þar sem ívilnunin nær til mjög fámenns hóps í þjóðfélaginu sem fær sérstaka meðferð í skattkerfinu sem fært hefur þessum hópi fleiri milljarða í skattfrjár tekjur.

Jafnframt mótmælir minni hlutinn því að ekki sé afnumin frestun á heimild til skattlagningar hjá lögaðilum og þeim heimiluð áfram þessi ívilnun. Auk þess er opnað fyrir það að þeir sem áður nýttu sér heimild til frestunar sem einstaklingar geti nú stofnað einkahlutafélag eða eignarhaldsfélag til að nýta heimildina sem áfram verður til staðar fyrir lögaðila. Meiri hlutinn ber fulla ábyrgð á því að verið er að viðhalda þessari skattasmugu sem er ósanngjörn með tilliti til jafnræðis sem á að ríkja í öflun tekna óháð uppruna þeirra, auk þess sem ríkissjóður verður af verulegum tekjum vegna þessa.

Minni hlutinn mun flytja breytingartillögu um að afnema þessa heimild hjá lögaðilum sem er í samræmi við frumvarp þingmanna Samfylkingarinnar sem hefur einnig verið til meðferðar í efnahags- og viðskiptanefnd.

Jafnframt leggst minni hlutinn gegn því að lækka skattprósenta á söluhagnað eins og meiri hlutinn leggur til.

Minni hlutinn styður að sjálfsgöðu afnáam á heimild til skattlagningar á söluhagnaði einstaklinga en leggst gegn gildistökuákvæðinu með þeim rökum sem embætti ríkisskattstjóra hefur fært fram.

Önnur atriði eru flest hver minni háttar, svo sem skýrari ákvæði um framkvæmd á kaupréttarákvæðum og kæruleiðir í skattkerfinu, sem og breyting á ákvörðun um hvenær álagning gjalda skuli fara fram og hvernig skilafrestir eru ákveðnar. Helstu breytingar á skattalögunum sem lagðar eru til í frumvarpinu eru þessar, og gerir minni hlutinn athugasemdir við nokkrar þeirra:

- Kveðið er skýrar á um kæruleiðir vegna ágreinings um fyrirframgreiddar barnabætur og vaxtabætur. Þessi breyting kemur fram í 11. gr. frumvarpsins en minni hlutinn styður ekki a-lið um 15% álag á mismun fyrirframgreiddra barnabóta og endanlegra barnabóta, reynist þær aðrar. Sú aðgerð gæti verið harkaleg þar sem barnabótakerfið er flókið og almenningur á oft erfitt með að skilja það og því eru forsendur til að andmæla ákvörðun skattstjóra oft erfiðar.
- Sveigjanleiki vegna álagningar er aukinn í kjölfar aukinna skila á rafrænu formi. Heimilt verður skattstjóra að eigin framkvæði eða að beiðni skattaðila að endurupptaka skattframtöl allt að sex ár aftur í tímann þegar skattaframkvæmd hefur verið breytt með dómi hjá yfirskattanefnd eða dómstólum. Vegna ákvæða í 15. gr. frumvarpsins leggur minni hlutinn áherslu á þær athugasemdir að þar sem heimilað verði að „leiðrétta“ álagningu opinberra gjalda allt að sex árum aftur í tímann með hliðsjón af niðurstöðum dómstóla um álitafni varðandi framkvæmd laganna megi slík „leiðrétting“ aðeins vera gjaldandanum í hag. Útilokað er að hægt verði að nýta þetta lagaákvæði til hækkunar á sköttum í þjóðfélaginu mörg ár aftur í tímann vegna niðurstöðu dómstóla um álitafni.

- Skattleysismörk barna og sjómannaafsláttur eiga að hækka í takt við hækkun á persónuafslætti í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við gerð kjarasamninga í vor. Í því sambandi minni hlutinn á að raungildi skattleysismarkna hefur raskast vegna áforma ríkisstjórnarinnar um almenna skattahækkun. Tillögur minni hlutans um að hækka skattleysismörkin voru felldar.
- Áætlað kaupverð hlutabréfa sem skráð eru í kauphöll miðast við meðalverð undangenginna 10 skráningardaga en ekki gangverð á kaupdegi til að milda hugsanlegar sveiflur á markaðsverði bréfanna.
- Tekin eru af öll tvímæli um það fyrir hve háa upphæð má gera kaupréttarsamninga árlega. Upphæðin sem gera má slíka samninga fyrir er 600 þús. kr. og verður ekki hægt að safna upp slíkum heimildum milli ára verði frumvarpið að lögum. Þær tekjur eru skattlagðar með 10% fjármagnstekjuskatti og hafa ASÍ og BSRB m.a. gagnrýnt að tekjurnar séu ekki skattlagðar eins og aðrar launatekjur með 38,37% skatti.

Loks var við meðferð málsins lögð fram af hálfu meiri hlutans tillaga um að framlengja svokallaðan hátekjuskatt. Gagnrýna verður þau vinnubrögð að sú breyting hafi ekki verið í frumvarpinu, en ástæða hefði verið til að skoða þá tillögu nánari og meta tekjutengingaráhrif þeirra á einstaka tekjuhópa.

Gagnrýni minni hlutans beinist þó fyrst og fremst að því hvernig stjórnarmeirihlutinn ætlar áfram að hygla forríkum fjármagnseigendum í þjóðfélaginu og auka um leið skattbyrði á almenning í landinu. Á því ber stjórnarmeirihlutinn fulla ábyrgð.

Alþingi, 16. des. 2000.

Jóhanna Sigurðardóttir,
frsm.

Margrét Frímannsdóttir.

Ögmundur Jónasson.

Fylgiskjal I.

Bréf ríkisskattstjóra til þingflokks Samfylkingarinnar. (21. nóvember 2000.)

Skattlagning söluhagnaðar

Við er til bréf þingflokks Samfylkingarinnar dags. 15. september sl. þar sem óskað var eftir tilteknum upplýsingum um skattlagningu söluhagnaðar o.fl. Beðist er afsökunar á drætti, sem orðið hefur á að svara erindi þessu, sem fyrst og fremst stafar af þeim tíma sem þurfti til að safna og vinna þær upplýsingar, sem um var beðið, þar sem þær voru ekki allar tiltækar í tölvuskrá skattýfirvalda. Svör við spurningunum fara hér á eftir og vísar tölusetningin til þeirra.

Spurning 1.

Svar við undirliðum C og D er á meðfylgjandi yfirliti. Eins og þar kemur fram var söluhagnaður af hlutabréfum umfram þær fjárhæðir sem skattlagðar voru um 6,7 mrd. á árinu 1999 hjá 239 einstaklingum og um 13 mrd. á árinu 2000 hjá 437 einstaklingum.

Svar við því hve miklum tekjum ríkissjóður verður af árlega vegna frestunar á skattlagningu söluhagnaðar eins og spurt er um í undirlið A er háð því hvort heimild til frestunar hefur haft áhrif á ákvarðanir manna um sölu á hlutabréfum. Sé ekki gert ráð fyrir því að svo hafi verið hefðu tekjur ríkis og sveitarfélaga af skattlagningu söluhagnaðar sem frestað var orðið sem hér segir. Á árinu 1999, vegna söluhagnaðar 1998, hefði tekjuskattur til ríkisins hækkað um 1,5 - 2 mrd. kr. og útsvar til sveitarfélaga um 0,7 mrd. kr. eða alls um 2,2 - 2,7 mrd. kr. Á árinu 2000, vegna söluhagnaðar 1999, hefði tekjuskattur til ríkisins hækkað um 3,4 - 4,3 mrd. kr. og útsvar til sveitarfélaga um 1,5 mrd. kr. eða alls um 4,9 - 5,8 mrd. kr. Það verður hins vegar að teljast nokkuð ólíklegt að sala hlutabréfa á þessum árum hefði orðið jafn mikil ef frestunarmeildin hefði ekki verið til staðar.

Ekki er unnt að leggja mat á það með nákvæmni hve mikið af frestuðum söluhagnaði skilar sér að lokum til skattlagningar. Með tilliti til þeirra möguleika sem eru á því að fresta skattlagningu og með hliðsjón af því að um er að ræða aðila, sem yfirleitt hafa allmikið fé bundið í eignum þ.á.m. hlutabréfum má gera ráð fyrir að óverulegur hluti hins frestaða söluhagnaðar muni koma til skattlagningar samkvæmt skatthlutfalli fyrir almennar tekjur. Með því að selja bréfin árlega innan þess hámarks, sem ber 10% skatt hefði söluhagnaðurinn að jafnaði dreifst á 5 - 10 ár og tekjuskattskil orðið um 670 millj. kr. vegna bréfa sem seld voru á árinu 1998 og um 1,3 mrd. kr. vegna bréfa seldra á árinu 1999. Má því gera ráð fyrir að þær fjárhæðir séu hámark framfærðar skattskila af söluhagnaði, sem frestað var á árunum 1998 og 1999. Þegar jafnframt er litið til skattalegrar meðferðar hlutabréfa við arftöku og þess að unnt er að fresta skattlagningu með kaupum á hlutabréfum í erlendum félögum og óvíst er um hvort upplýst verður um sölu þeirra síðar, má reikna með að verulegur hluti hins frestaða söluhagnaðar komi aldrei til skattlagningar.

Fylgiskjal II.

Umsögn ríkisskattstjóra til efnahags- og viðskiptanefndar.
(7. desember 2000.)

Mál 264, breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt

Með bréfi dags. 24. nóvember var óskað umsagnar ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sem fjármálaráðherra hefur lagt fram og breytir ákvæðum laganna um skattlagningu söluhagnaðar og frestun á honum o.fl.

Eitt meginefna frumvarpsins er afnám þeirrar reglu að einstaklingum sé unnt að fá skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum frestað með kaupum á nýjum hlutabréfum. Ákvæði þetta var tekið í lög fyrir fáum árum og hefur fengist af því nokkur reynsla. Við álagningu á þessu ári kom í ljós að nær allir, sem kost áttu á, þ.e. höfðu söluhagnað umfram rúmlega 3 m.kr., nýttu þessa heimild. Tæplega 440 einstaklingar fengu frestað skattlagningu á um 13 mrd. kr. af tæplega 20 mrd. kr. söluhagnaði hjá um 8700 einstaklingum alls. Frestunin tók því til um 65% af öllum söluhagnaði af hlutabréfum.


Núgildandi ákvæði er erfitt í framkvæmd og gerir kröfur um mikla og flókna upplýsingagjöf og eftirlit og erfitt er að tryggja að sá söluhagnaður, sem frestað er komi til skattlagningar síðar. Er þegar af þeim ástæðum mikil bót af afnámi þessa ákvæðis.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að breytingin gagnvart frestun á sölugagnaði komi til framkvæmda vegna sölu á hlutabréfum á árinu 2000. Telur ríkisskattstjóri mikilvægt að svo verði m.a. til að komist verði hjá ráðstöfunum sem ella er líklegt að gripið verði til í þeim tilgangi einum að nýta frestunarheimildina á meðan hún er til staðar. Afnám heimildar til ívilnunar gagnvart áhrifum skattskyldu sem þegar var fyrir hendi við sölu hlutabréfanna verður vart talin afturvirk skattlagning. Í þessu efni er einnig til þess að líta hversu takmarkað almennt gildi ívilnunarinnar er, þ.e. til hve fámenns og afmarkaðs hóps hún getur raunverulega tekið sbr. framangreint.

Annað mikilvægt ákvæði lagafrumvarpsins er breyting á ákvörðun um hvenær álagning gjalda skuli fara fram og hvernig skilafrestir eru ákveðnir. Mjög brýnt er að breytingar þessar verði gerðar á lögnum þar sem sú þróun í framtalsgerð og álagningu, sem embætti ríkisskattstjóra vinnur að og er verið að koma í framkvæmd samrýmist ekki núgildandi ákvæðum laganna um þessi atriði, sem lögfest voru við allt aðrar aðstæður og leyfa ekki þann sveigjanleika sem nauðsynlegur er í þessu efni.

Önnur ákvæði frumvarpsins eru lagfæringar og breytingar á stjórnsýsluákvæðum laganna og eru í samræmi við tillögur eða sjónarmið ríkisskattstjóra, sem gert hafði tillögur um ýmsar breytingar og haft var samráð við þegar frumvarpið var undirbúið.

Virðingafyllst



Fylgiskjal III.

Upplýsingar um skattlagningu söluhagnaðar í nokkrum löndum.

Danmörk

Lögaðilar

Söluhagnaður af sölu hlutabréfa er aðeins skattlagður líkt og tekjur ef salan á sér stað innan 3 ára eignarhaldstíma. Sala bréfa til útgefanda og upplausn félags er stundum skattlögð sem arður. Sölutap á hlutabréfum sem viðkomandi hefur átt í 3 ár má eingöngu nýta á móti hagnaði vegna sölu annarra hlutabréfa. Skatthlufall á söluhagnað fyrirtækja er 32%.

Einstaklingar

1. Þegar eignarhald hlutabréfa er minna en 3 ár þá er söluhagnaður skattlagður sem tekjur. Tap frádráttarbært en takmörkun á heildartapi. Tekjur af hlutabréfum innan við DKK 37.200 bera 25% skatt og tekjur af bréfum sem fara yfir þetta mark bera 40% skatt.

2. Þegar einstaklingur á hlutabréf í meira en 3 ár ræðst skattlagning af skráningu bréfsins:

2.1. Ef hlutabréf er skráð í kauphöll og markaðsvirði bréfanna fer aldrei yfir DKK 117.300 á þessum 3 árum á undan sölu, er hagnaður ekki skattlagður og tap ekki frádráttarbært. Upphæðin er tvöföld fyrir hjón. Skattur af söluhagnaði umfram þessi lágmark er 25% að næstu DKK 37.200, en tekjur af bréfum sem fara yfir þetta mark bera 40% skatt.

2.2. Ef hlutabréf eru óskráð er söluhagnaðurinn skattlagður og tapið frádráttarbært. Söluhagnaður og tap er hluti af tekjum af hlutabréfum ásamt arðgreiðslum. Tekjur af hlutabréfum innan við DKK 37.200 bera 25% skatt og tekjur af bréfum sem fara yfir þetta mark bera 40% skatt.

Noregur

Lögaðilar

Skattprósenta á tekjur og söluhagnað er 28%.

Varðandi hagnað af sölu hlutabréfa í innlendum félögum gilda sérstakar reglur til að koma í veg fyrir tvísköttun á hagnaði félags og hluthafans. Kaupverð hluthafans er hækkað árlega með tilliti til afkomu/eignaaukningar félagsins. Þessar reglur eiga ekki við um bréf í erlendum félögum. Þegar félag er leyst upp er hagnaðurinn skattlagður sem söluhagnaður. Hægt er að fresta skattlagningu þegar um er það er að ræða að eign er losuð gegn vilja eiganda, s.s. við eignarnám, slys eða eldsvoða, að því gefnu að eignir séu keyptar fyrir lok næsta árs eftir atburðinn.

Einstaklingar

Varðandi hlutabréf í innlendum félögum þá gildir sama regla og áður varðandi það að kaupverð bréfa er aðlagð eftir afkomutölum félags. Þetta gildir ekki um hlutabréf í erlendum félögum. Hagnaður af sölu hlutabréfa er hægt að skattleggja allt að 5 árum eftir brottflutning einstaklings. Hagnaður af sölu annarra verðbréfa en hlutabréfa er eingöngu skattlagður ef viðkomandi hefur eignast bréfin eftir 1. jan. 1992 (11. maí f. skuldabréf).

Finnland

Lögaðilar

Tekjur lögaðila skiptast í atvinnutekjur (allar tekjur af atvinnurekstri, þ.á.m. söluhagnaður) og aðrar tekjur. Söluhagnaður er skattlagður með sömu prósentu og allar aðrar tekjur fyrirtækisins. Engin ákvæði er að finna um skattlagningu söluhagnaðar í atvinnurekstri. Skattprósentan en 29% frá 1. jan. 2000.

Einstaklingar

Söluhagnaður telst til fjármagnstekna. Á þær leggst ekki neinn skattur frá sveitarfélögunum auk þess sem hann er flatur, 29%, en skattprósenta launatekna hækkar eftir því sem tekjur aukast frá 5,5% til 38%. Heildarskattlagning aðila má ekki fara yfir 70% af skattstofninum til tekjuskatts.

Svíþjóð

Lögaðilar

Fjármagnstekjur eru koma inn í og eru skattlagðar með öllum öðrum tekjum fyrirtækja í 28% skatti. Sérstakar reglur gilda um útreikning fjármagnstekna af fasteignum, hlutabréfum og öðrum verðbréfum.

Einstaklingar

Á fjármagnstekjur eru lagður flatur 30% skattur. Engin skattleysismörk eru vegna fjármagnstekna og ekkert útsvar er greitt af fjármagnstekjum.

Að meginstefnu til eru fjármagnstekjur sem einstaklingur fær skattlagðar með öðrum tekjum. Hins vegar eru frestunarheimildir vegna íbúðarhúsnæðis og söluhagnaðar hlutabréfa. Einnig er veitt frestun við eignayfurfærslur svo sem gjafir og arf. Í slíkum tilvikum tekur sá sem tekur við eigninni yfir stofnkostnað eignarinnar og hagnaður af söluverðum verður skattlagður við síðari sölu eða yfurfærslu.

Kaupverð hlutabréfa og annarra verðbréfa sem skráð eru í viðurkenndri kauphöll má ákveða sem 20% af söluverði eftir að kostnaður hefur verið dreginn frá. Ef raunverulegt kaupverð leiðir til hagstæðari skattlagningar þá má skattgreiðandinn nota það verð.

Bandaríkin

Lögaðilar

Söluhagnaður lögaðila er skattlagður með sama hætti og aðrar tekjur. Um sölutap gilda sérstakar reglur. Skattfrestun er heimiluð við ýmsar breytingar er lúta að endurskipulagningu á eignarhaldi félaga, svo sem þegar félag er leyst upp eða sameinað öðru félagi. Söluhagnaði af þessum aðgerðum er þannig frestað þar til þær eignir eða hlutabréf sem fyrirtækið eignaðist við aðgerðirnar eru seld.

Tilfærslur fyrirtækja sem eiga sér stað yfir landamæri lúta sérstökum reglum til að koma í veg fyrir að söluhagnaður hverfi óskattlagður úr bandarískri skattalögsögu. Frestun er einnig veitt þegar skipt er á rekstrar- eða fjárfestingareign fyrir eign af sama tagi og þegar eign er breytt í aðra sem þjónar svipuðum tilgangi. Skattlagningu er þá frestað þar til nýja eignin er seld. Sölutap má draga frá söluhagnaði 3 ár aftur í tímann og 5 ár fram í tímann.

Skatthlutfall: Sama skatthlutfall á við hvaða tegund tekna sem er þannig er tekjuskattur fyrirtækja og söluhagnaður þeirra skattlagður með sömu prósentu eða er stigvaxandi eftir fjárhæð tekna eða frá 15% að 38%.

Einstaklingar

Söluhagnaður af eignum sem einstaklingur hefur átt í meira en 12 mánuði ber í mesta lagi 20% skatt. Ef viðkomandi er í lágsta skattþrepi þá ber hagnaðurinn 10% skatt. Eftir 2001 lækkar prósentan í 18/8% vegna eigna sem hafa verið í eigu viðkomandi í meira en 5 ár. Frestun á skattlagningu er veitt þegar skipt er á rekstrar- eða fjárfestingareign fyrir eign af sama tagi og þegar eign er breytt í aðra sem þjónar svipuðum tilgangi. Skattlagningu er þá frestað þar til nýja eignin er seld. Frestun skattlagningar söluhagnaðar leyfist einnig ef breyting á eignarformi er þvinguð fram t.d. við eignarnám.